



Samtakahópurinn, fjarfundur 18.mars 2021 kl. 09.00

Mætt: Fríða Guðlaugsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Svava Ósk Stefánsdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Kolbrún N. Þorgilsdóttir, Elísabet Eckard, Davíð Már Gunnarsson og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð

- Fræðsla í grunnskólum Reykjaneshæjar: Forvarnarátak Samtakahópsins í samstarfi við Fjörheima um skaðsemi orkudrykkja fyrir börn og unglinga.**

Starfsfólk Fjörheima fóru í alla grunnskóla Reykjaneshæjar með fræðslu og umræðu um orkudrykkjaneyslu ungmenna. Ákveðið var að fara í hvern bekk fyrir sig til þess að fá virka þátttöku nemenda í fræðslunni. Alls voru þetta 32 fræðslur eftir að hafa heimsótt alla skólana sjö.


Ungmennin sýndu umræðuefninu mikinn áhuga og töldu flestir sig hafa lært eitthvað nýtt um orkudrykkjaneyslu.

Nokkrir kennarar töluðu um mikilvægi þess að fara með fræðsluna einnig inn á miðstig þar sem upplifun þeirra er sú að ungmenni allt niður í 5. bekk séu farin að neyta orkudrykkja.

Gaman er að segja frá því að aðrar félagsmiðstöðvar á landinu hafa sýnt fræðslunni áhuga. Starfsfólk Fjörheima stefna að því að skipuleggja fund með 46 félagsmiðstöðvum sem hafa sýnt verkefninu áhuga. Hugmyndin er að fara yfir handrit fræðslunnar og afhenda fræðsluefnið svo til þeirra sem vilja notast við það í sínu umhverfi.

2. Rafrettur

Samtakahópurinn vekur athygli á að
6,9 % nemenda í 10. bekk í



Reykjanesbæ notar rafrettur daglega samkvæmt niðurstöðu Rannsókna og Greininga. Hópurinn vill þ.a.l. minna á fræðsluerindi sem doktor Lára G. Sigurðardóttir gaf út fyrir krabbameinsfélagið sem fjallar um skaðsemi nikótíns, heilsufarsáhrif og markaðssetningu á börn og ungmenni. Samtakahópurinn skorar á námsráðgjafa grunnskólanna og í menntaskólunum í sveitarfélaginu að beita sér fyrir fræðslu og umræðum um málefnið. Hlekkur á fyrirlestur Láru er hér að neðan.

<https://www.krabb.is/fraedsla-forvarnir/vefvarp/fraedsluerindi-um-rafsigarettur-nikotin-heilsufarsahrif-og-markadssetningu?fbclid=IwAR01mRjFUD7dG1UpQpeTJytXc67qXNouMO1RT0FiXwu74kHE2wDSNVLr8rA>

3. Ný birtingarmynd kynferðisbrota gegn börnum og unglingum

Texti frá Reykjavíkurborg:

Kæru foreldrar og forsjáraðilar

Við viljum vekja athygli ykkar á nýrri birtingarmynd kynferðisbrota gegn börnum og unglingum sem vert er að vera vakandi fyrir. Komið hafa upp nokkur tilvik á síðustu vikum þar sem fullorðnir aðilar hafa verið að greiða ungmennum á grunnskólaaldri peninga fyrir kynferðislegar ljósmyndir. Leið þeirra að samskiptum við ungmennin er í flestum tilvikum í gegnum spjall á netinu og þá helst Snapchat og Instagram auk þess sem Tik tok og appið Telegram hafa verið nefnd. Börnum eru boðnar á bilinu 5.000-10.000 krónur fyrir myndina og fer upphæðin eftir því hvað sést á myndinni og hversu skýr hún er. Greiðslur hafa farið fram í gegnum öpp eins og Aur og Kass.

Vitað er að fullorðnir aðilar sem kaupa ljósmyndir af börnum nota myndirnar stundum gegn þeim til að fá þau til að senda fleiri og grófari myndir. Eins reyna þessir aðilar stundum að nálgast börn á frekari hátt m.a. með því að gefa þeim gjafir og bjóðast til að gera þeim einhverskonar greiða. Þegar slíkt á sér stað er viðkomandi að reyna að mynda persónulegt



samband við ungmennin, búa til sameiginlegt leyndarmál og aðilinn á þá inni hjá þeim fyrir vikið. Þetta er því miður þekkt leið í kynferðisbrotamálum gegn börnum, að bjóða þeim sælgæti, peninga eða aðrar gjafir til að vinna sér inn traust og velvilja. Það getur því reynst barni erfiðara að neita viðkomandi um kynferðislega greiða ef það hefur þegið gjafir eða peninga frá viðkomandi. Barnið getur upplifað skömm yfir fyrri samskiptum og því getur það reynst barni erfitt að segja frá því sem hefur gerst. Fullorðnir eru í valdastöðu gagnvart börnum og ábyrgðin er alfarið í höndum hins fullorðna aðila.

Börn geta upplifað sölu á nektarmyndum sem einfalda leið til að eignast smá pening án þess að gera sér nokkra grein fyrir hættunni. Vitað er að sum börn hafa stolið myndum af netinu og selt hinum fullorðnu en mikilvægt er að stöðva strax aðgengi þessara aðila að börnum. Foreldrar geta farið yfir reikningsyfirlit barna sinna og athugað hvort ókunnugir aðilar hafa verið að leggja inn á börnin. Einnig er vert að vera á varðbergi ef barnið virðist eiga pening sem ekki er skýring á hvaðan kom (sum börn hafa látið millifæra á vini sína) og taka spjallið við barnið sitt um þennan veruleika. Barnið þarf að átta sig á hættunni án þess að það upplifi skömm. Það getur reynst fullorðnum auðvelt að afvegaleiða börn og börnin bera ekki ábyrgð á því. Reynið því frekar að mynda öruggt rými fyrir ykkar barn til að segja frá ef það þekkir til slíkra mála eða hefur orðið fyrir slíku sjálft. Ef börn segja frá eða þið hafið upplýsingar eða grun um mál af þessum toga þá getur verið um að ræða brot á hegningarlögum því hér að tilkynna málið tafarlaust til lögreglu og barnaverndar í síma 411 9200.



4. Netmál – Ábendingalína Barnaheilla

<https://www.barnaheill.is/is/abendingalina>

Vefsíða þar sem hægt að tilkynna um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu sem varðar börn eða er beint gegn börnum og unglingum undir 18 ára aldri.

<https://www.youtube.com/watch?v=iHYElyihF7c>

5. Hefjum störf !

Mánudaginn 22.mars nk. verður opnað fyrir umsóknir til að ráða inn starfsfólk sem eru atvinnuleitendur. Þetta getur verið frábært tækifæri. Endilega kynnið ykkur málið með því að hlusta á viðtal við félagsmálaráðherrann hér að neðan og eða inn á vef Vinnumálastofnunar.

<https://www.visir.is/k/595b4b48-4a42-4c63-ac30-1cc87ae09542-1615883490968>

<https://vinnumalastofnun.is/atvinnurekandi/radningarstyrkir/hefjum-storf>

6. Íþróttá-og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna Covid-19

Ríkisstjórn Íslands samþykkti nýverið að framlengja umsóknarfrest um sérstakan íþróttá- og tómstundastyrk til lágtekjuheimila til 15. apríl nk. Um 40 % þeirra sem búa í Reykjaneshæ og eiga rétt hafa sótt um.

Samtakahópurinn skorar á íbúa sveitarfélagsins að kanna rétt sinn til styrksins. Á þitt barn rétt á 45.000 kr. sérstökum íþróttá- og tómstundastyrk?

<https://www.mcc.is/grants-for-sports-and-leisure-activities/>

Kannaðu málið hér: <https://bit.ly/3kJaFfH>

Gætir þú átt rétt á styrk?

Ef þú átt barn á aldrinum 6-15 ára gæti það átt rétt á sérstökum íþróttá- og frístundastyrk að upphæð:

45.000 kr.

Styrkurinn er veittur vegna þátttöku í skólaklúbba íþróttá- og frístundastyrk lík og íþróttahóttum, kirkjum, skólastarft, námskeiðum í íðottum, klúbbum og þessum. Þetta er mál á nafn Reykjaneshæjar og hefur samband við þjónustuverið okkar í síma 421 8700. Umsóknarfrestur rennur út 1. mars 2021.



Reykjaneshæ
Tommagötu 10
Sími: 421 8700

reykjanesh@reykjanesh.is
www.reykjanesh.is

REYKJANESBÆR
LÉSTUÐINGARSTOFN

Are you entitled to a grant?

If your child is aged 6-15, he or she could be entitled to a special leisure activity grant of:

45.000 kr.

The Grant is given for participation in organized Sport and Leisure Activities on a Club level, Music School, the Scout movement, art, swimming, and recreational classes and more. Learn more on the Reykjaneshæ website or contact our Service Center on 421 8700. Deadline for applications is the 1st of March 2021.



Reykjaneshæ
Tommagötu 10
Sími: 421 8700

reykjanesh@reykjanesh.is
www.reykjanesh.is

REYKJANESBÆR
LÉSTUÐINGARSTOFN

Należy ci się dotacja?

Jeśli masz dziecko w wieku 6-15 lat które uprawia sport lub bierze udział w spotkaniach rekrutacyjnych może otrzymać dofinansowanie w wysokości:

45.000 kr.

To dofinansowanie jest przyznawane na udział w zorganizowanych zajęciach sportowych i rekreacyjnych, a także treningi sportowe, szkolenia muzyczne, taneczne, kursy artystyczne itp. Dowiedz się więcej o tej sprawie na stronie Reykjaneshæ lub skontaktuj się z oddziałem klienta telefonem pod numer 421 8700. Termin składania wniosków upływa 1 marca 2021.



Reykjaneshæ
Tommagötu 10
Sími: 421 8700

reykjanesh@reykjanesh.is
www.reykjanesh.is

REYKJANESBÆR
LÉSTUÐINGARSTOFN

6. Ævintýrasmíðjur

Gunnhildur og Davíð Már kynntu undirbúning á Ævintýrasmíðjum fyrir sumarið.

Ævintýrasmíðjurnar gengu mjög vel fyrir sig í fyrra og það hefur verið mikil ánægja meðal foreldra þeirra sem sóttu smíðjurnar. Stefnan er að reyna að halda starfinu á svipuðum nótum. Síðasta sumar var opin skráning fyrir öll börn með aukna stuðningsþarfir sem vildu og þurftu á að halda. Námsmanna úrræði kom sér vel í fyrra þar sem hægt var að fjölga starfsmönnum úr 7 yfir í 32. Vonast er til þess að slíkt úrræði standi aftur til boða í sumar.

7. *Útídeild Reykjanesbæjar*

Gunnhildur Gunnarsdóttir og Davíð Már Gunnarsson kynntu starfsemi Útídeildar en þau hafa sett upp plan fyrir Útídeildina. Unnið er út frá niðurstöðum Rannsóknna og Greininga. Útídeildin fór aftur af stað í Desember síðastliðnum, milli jóla og nýárs – vegna aukinnar umræðu um útivistartíma og vaxandi áhyggjur foreldra. Það var ekki mjög mikið um útiveru barna eftir útivistartíma í desember, en nú erum við að fara aftur af stað fyrir páska og athuga hvort það er ekki aukning með hækkandi sól. Eftir ábendingar þá mun Útídeildin fylgjast vel með höfninni í Keflavík sem hefur verið staður þar sem ungmenni safnast saman seint um helgar. Einnig verður fylgst vel með leiksvæðum skóla og annarra stofnanna sem hafa upp á síðkastið orðið fyrir aðkasti. Útídeildin hefur merkt bílinn með símanúmeri Útídeildarinnar og merki. Keypt voru vel sjáanleg vesti sem merkt eru útídeildinni, sem starfsmenn klæðast á vakt.



Fleira ekki gert og fundi slitið 10.30